Ed. **640. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hlutarútgerðarfélög.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „ef 5 menn“ komi: ef 10 menn.
   b. Á eftir orðunum „sveitarstjórnar til félagsstofnunar“ komi: svo og að fengnu samþykki verklýðsfélags á félagssvæðinu,
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu á skip þess. Lögmætur félagsfundur má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt þeir séu eigi starfsmenn félagsins.
3. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: Lögmætum félagsfundi er þó heimilt að undanskilja bú látins félagsmanns frá þessari ábyrgð.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Í hlutarútgerðarfélagi séu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla og sé hlutur greiðsla fyrir vinnu þeirra, þó þannig, að þeim sé aldrei greitt minna en gildandi kauptaxti eða samningar verklýðsfélags á félagssvæðinu ákveða.
5. Við 7. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, þó aldrei lægri en þær lágmarkstekjur, sem ákveðnar eru i kauptöxtum eða samningum verklýðsfélags á félagssvæðinu.
   b. Á eftir 2. tölulið greinarinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Árlegt tillag úr ríkissjóði, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1. verður árlega.
   c. Aftan við orðin „viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn“ komi: og ríkisstjórn.
6. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins nema styrktarfélagar, er hafa aðeins tillögurétt og málfrelsi.
   Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur atkvæðisbærra félagsmanna er mættur. Á fundum ræður meiri hluti úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin skattgreiðslu til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.